

Akureyri 8. desember 2014


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá atvinnuveganefnd Alþingis **frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, 305. mál.**

Að mati stjórnar Eyþings ber að fagna því að komið verði á heilsteyptri áætlanagerð fyrir raforkuflutning í landinu með kerfisáætlun. Stjórn Eyþings vill sérstaklega koma á framfæri athugasemd við 9. grein (c – lið) frumvarpsins. Með greininni er verulega gengið á skipulagsvald sveitarfélaga. Til að slíkt sé gert þurfa að liggja fyrir mjög ríkir almannahagsmunir. Stjórnin telur rangt að Landsneti sem framkvæmdaaðila sé jafnframt veitt skipulagsvald eins og felst í greininni. Leggja ber áherslu á að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögum. Komi til ágreinings milli aðila án þess að niðurstaða náist þarf að kveða á um leið til lausnar. Stjórnin telur að skoða megi þá leið að í slíkum tilvikum verði skipaður gerðardómur. Þeirri hugmynd var varpað fram að slíkur gerðardómur gæti t.d. verið skipaður með eftirfarandi hætti: Tveir þingmenn viðkomandi kjördæmis, einn frá viðkomandi héraðsdómi, einn frá Landsneti og einn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Að orðu leyti vísar stjórn Eyþings til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri